

Alþingi
Nefndasvið

Reykjavík, 10. desember 2025.


Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til laga um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila, 264. mál.

Mannréttindastofnun Íslands fagnar frumvarpi til laga um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila. Verði frumvarpið að lögum er stigið mikilvægt og nauðsynlegt skref í átt að jafnrétti.

Stofnunin tekur undir umsögn ÖBÍ um frumvarpið. Þar er meðal annars bent á að eftirlit þurfi að vera sjálfstætt, gagnsætt og með raunhæfum viðurlögum ef opinber aðili bregst skyldum sínum. Miklu máli skipti að tryggja samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og notendur aðgengislausna sem og fræðslu og stuðning fyrir opinbera aðila svo þeir hafi getu til að uppfylla kröfur um aðgengi.

Mannréttindastofnun Íslands telur jafnframt æskilegt að reglugerðarheimild í 11. gr. frumvarpsins kveði á um skyldu, fremur en heimild, ráðherra til að setja reglugerð um þau atriði sem skipta mestu máli svo aðgengi sé tryggt, sér í lagi hvað varðar tæknilegar kröfur og staðla um aðgengi og skilyrði. Þá er sérstaklega mikilvægt að mati stofnunarinnar að reglugerð útfæri formlegt ferli fyrir mat á óhóflegri byrði samkvæmt 5. gr. frumvarpsins og hvað geti og geti ekki talist lögmætur ástæður fyrir undanþágum frá aðgengiskröfum.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands